








Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

*Matthías Jochumsson / P. C. Krossing*

BLESSUN

EFTIRSPIL
Gullvagninn
*Amerískur sálmur*

***Ástvinir þakka auðsýnda samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar í Sjónarhóli, Kaplakrika.***

***Jarðsett verður í Kirkjugarði Hafnarfjarðar.***

| | |
|---|---|
| Prestur: | Sr. Einar Eyjólfsson |
| Organisti: | Friðrik Vignir Stefánsson |
| Trompetleikur: | Atli Guðlaugsson |
| Einsöngur: | Bjarni Atlason og Guðlaugur Atlason |
| Tindatríó: | Atli Guðlaugsson, Bjarni Atlason og Guðlaugur Atlason |
| Umsjón útfarar: | Frímann og Hálfdán - Útfararþjónusta |

Pixel prentþjónusta



# Gils Stefánsson

Fæddur 5. febrúar 1945
Dáinn 12. maí 2021

Útför frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði
þriðjudaginn 18. maí 2021

# FORSPIL

## Hafnarfjörður

*Friðrik Bjarnason*

# BÆN

Kallið er komið,
komin er nú stundin,
vinaskilnaðar viðkvæm stund.
Vinirnir kveðja
vininn sinn látna,
er sefur hér hinn síðsta blund.

Margs er að minnast,
margt er hér að þakka.
Guði sé lof fyrir liðna tíð. Margs
er að minnast,
margs er að sakna.
Guð þerri tregatárin stríð.

Margs er að minnast,
margt er hér að þakka.
Guði sé lof fyrir liðna tíð.
Margs er að minnast,
margs er að sakna.
Guð þerri tregatárin stríð.

*Sb. 1886 / Valdimar Briem*

# RITNINGARLESTUR

Fram í heiðanna ró
fann ég bólstað og bjó,
þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Þar er vistin mér góð,
aldrei heyrðist þar hnjóð,
Þar er himinninn víður og tær.

Heiðarbóli ég bý.
Þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Þar er vistin mér góð,
aldrei heyrðist þar hnjóð,
Þar er himinninn víður og tær.

Mörg hin steinhljóðu kvöld,
upp í stjarnanna fjöld
hef ég starað með spyrjandi þrá:
Skildi dýrðin í geim
bera' af dásemdum þeim,
sem vor draumfagri jarðheimur á?

Heiðarbóli ég bý.
Þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Þar er vistin mér góð,
aldrei heyrðist þar hnjóð,
Þar er himinninn víður og tær.

Þetta loft er svo tært.
Finnið þytmjúkan þey
– hve hann þyrlar upp anga úr mó.
Nei, ég vildi' ekki borgir
né blikandi torg
fyrir býlið í heiðanna ró.

Heiðarbóli ég bý.
Þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Þar er vistin mér góð,
aldrei heyrðist þar hnjóð,
Þar er himinninn víður og tær.

*Friðrik A. Friðriksson / Daniel E. Kelley*

# RITNINGARLESTUR

Með litlu barni lífið hefst
og lífsgátan ei fyrir vefst.
Í leik og starfi ljómar sól í sinni.
Þá æskan líður áfram hrein
og ævibrautin virðist bein.
Í bænum sínum hrópar
„Hallelúja"......

Er ganga inn á gelgjuskeið,
menn geta valið ýmsa leið,
sem gæfuspor, er varða
framtíðina.
Þá kviknar ástin kvenna til.
Ég kvíðinn skynja þáttaskil
og kveð svo æskuárin
„Hallelúja"......

Ábyrgð vex hvert ár hjá mér
og afkomendum fjölgar hér,
sem áfram ganga veginn
kynslóðanna.
En eitt er víst, að völ er kvöl.
Eins manns gæfa´ er öðrum böl,
þó einum rómi hrópum
„Hallelúja"......

Upp svo rennur ævikvöld
og elli kerling tekur völd.
Þá áfram lifir sjóður
minninganna.
Ég þakka fyrir þetta líf
og þöndum vængjum burtu svíf
og þá má heyra´ í fjarska
„Hallelúja"......

*Atli Guðlaugsson / Leonard Cohen*

# RITNINGARLESTUR

Sérhver draumur lifir aðeins eina nótt
sérhver alda rís en hnígur jafnan skjótt
hverju orði fylgir þögn – og þögnin hverfur alltof fljótt.

En þó að augnablikið aldrei fylli stund
skaltu eiga við það mikilvægan fund
því að tár sem þerrað burt – aldrei nær að græða grund.

Líttu sérhvert sólarlag, sem þitt hinsta væri það.
Því morgni eftir orðinn dag enginn gengur vísum að.

Þú veist að tímans köldu fjötra enginn flýr
enginn frá hans löngu glímu aftur snýr.
Því skaltu fanga þessa stund – því fegurðin í henni býr.

*Bragi Valdimar Skúlason*

# GUÐSPJALL

# EINSÖNGUR

## Ökuljóð

*Freysteinn Gunnarsson / Rússneskt þjóðlag*

# MINNINGARORÐ

# EINSÖNGUR

## Kveðja

*Bubbi Morthens*

# BÆN

# EINSÖNGUR

## Faðir vor

*Malotte*

# FAÐIR VOR

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

*Sveinbjörn Egilsson / P. C. Krossing*

# MOLDUN